

Náttúruvernd í nú tíma þjóðfélagi

eftir

Birgi Kjaran



Náttúran.

Í stuttu máli verður svo viðamiklu efni, sem yfirskrift þessarar greinar ber, ekki gerð tæmandi skil, og því aðeins stiklað á stærri steinunum, þótt auðvitað kunni það hér sem víðar að orka tvímælis, hvað skiptir meginmáli og hvað telja beri til aukaatriða.

Ég held því, að ekki sé óhyggilegt, í upphafi máls, að gera grein fyrir nokkrum hugtökum, eða öllu heldur þeim skilningi, sem ég legg í þau. Á ég þar fyrst og fremst við orðin náttúra og náttúruvernd.

Náttúra eins lands er margslungið mál og erfitt að skilgreina í einni setningu og trúlega oft betur lýst og túlkuð í ljóði, litum eða tónlist, heldur en hægt er að orða í mæltu eða rituðu máli. — Frá mínu leikmannssjónarmiði samanstendur hún af jarðgerð landsins, jarðsögu þess, gróðri, dýralífi, hafinu, sem að því kann að liggja, loftslagi og sjálfsagt fleiru. Þetta allt skapar landi ásýðu, sem við köllum náttúru.

Ef fara á eitthvað nánar út í þessa sálma, er ef til vill ekki ófróðlegt að vita, að talið er, að hér á landi vaxi um sex hundruð jurtir. Hérlandis munu vera á annað hundrað fuglategundir og 60–70 tegundir steina og bergs hafa fundist á landinu. Eitt af sérkennum íslenzkrar náttúru er það og, að á Íslandi munu fyrirfinnast um 100 eldstöðvar og þar af 30 taldar virkar enn. Þá er það ekki síður

einkennandi fyrir náttúru landsins, að jarðhita hefur orðið vart á 700 stöðum og að jökull hylur 11% af yfirborði þess. Allt eru þetta snarir þættir í náttúru landsins og er þó margt ótalið, sem mótar íslenzkt náttúrusvipmót, svo sem fljót og fallvötn, hraun og auðnarsandar.

Ísland er ekki frjósamt land og telja sumir það á mörkum hins byggilega heims. En Ísland býr yfir fjölbreytilegri náttúru, og mikill hluti hennar er enn ósnortinn sökum fámennis þjóðarinnar, strjálbýlis og erfiðra samganga. — En nú stöndum við á tímamótum. Samgöngur til landsins hafa batnað og fara vaxandi, og greiðfærara verður með ári hverju um landið sjálft eftir því sem vegakerfið hefur orðið fjölgreinóttara og farartækin traustari. Svo hefur flugið komið til sögunnar og stýtt ferðir til staða, sem áður voru úr almannaleið. — Einangrun lands og öræfa er senn lokið. — Þess vegna er verndun sérkenna landsins, — áttúruverndin, — nú meira aðkallandi en nokkru sinni áður.

Náttúruvernd.

Ég hef nefnt orðið náttúruvernd, og er rétt að víkja nánar að, hvað í því felst og tæpa lítilega á tilkomu þeirrar hugmyndar og hreyfingar, sem að baki býr.

Með orðinu náttúruvernd í viðtækustu merkingu, held ég að átt sé við alla þá viðleitni, sem stuðlar að því, að náttúran fái sem mest að halda sínu upprunalega frumstæða svipmóti ósnortnu, ekki síst þau landssvæði og náttúrufyrirbæri, sem sérstæð eru talin, — en auðvitað með fullu tilliti til vaxandi mannabyggðar og at-hafnalífs.

Þessi viðhorf eru ævaforin. Segja fróðir menn, að meðal annarra hafi jafnvel heilagur Franz frá Assísí á sínum tíma ymprað á þeim. En samt er það ekki fyrr en á 19. öld, að málið fær byr undir vængi og náttúrufræðingar öðrum fremur taka það upp á sína arma og kveðja málstaðnum hljóðs. Þeir sem fyrstir ríða á vaðið, eru Þjóðverjar og síðan Bandaríkjamenn.

Brautryðjendur.

Sá maðurinn, sem eiginlega er talinn vera höfundur nútíma náttúruverndar, var Þjóðverji. Hugó Wilhelm Conventz, fæddur

1855 og náttúrufræðingur að menntun. Árið 1906 kom hann á fót þýzkri náttúruverndarstofnun. Ferðaðist hann meðal annars sama ár til Danmerkur og stuðlaði að stofnun danskrar náttúruverndarnefndar, sem síðan leiddi til danskrar náttúruverndarlöggjafar árið 1917. Hann var grasafæðingur og svo atvikaðist, að Benedikt Gröndal komst í bréfaskipti við hann og er til bréf frá árinu 1889, þar sem hann árnar Gröndal heilla í tilefni af nýstofnuðu Náttúrufræðafélagi Íslands, — sem þótt smávaxið sé enn og auralítið, hefur komið mörgu góðu til leiðar og þar á meðal ekki ómerkari hlut, en að halda úti um áratugi „Náttúrufræðingnum,“ sem fjölmennari þjóðir mættu vera sæmdar af.

Úr því á annað borð er hér verið að tína saman í sennilega nokkuð sundurlausu máli, eina og aðra fróðleiksmola úr náttúrufræðum landsmanna og þó einkum þá, sem náttúruverndinni viðkoma, má geta þess, að frumkvöðull náttúruverndar í Danmörku var góðvinur og ferðafélagi Jónasar skálds Hallgrímssonar, Japetus Steenstrup. Hann fékk því til leiðar komið árið 1844, að verndaðar voru mómýrar í Gentofte, svo að komandi kynslóðir gætu vísindalega rannsakað mómýndunina, og þær gróðurleifar, sem mórinn hefði að geyma. — Ávöxtur þessa brautryðjendastarfs var stofnun náttúruverndarfélags í Danmörku árið 1911.

En svo sem fyrr hefur verið sagt, voru Bandaríkjamenn einnig meðal brautryðjenda um náttúruvernd. Það var þegar árið 1832, sem fyrsti þjóðgarður Bandaríkjanna í nánd við laugarnar í Hot Springs í Arkansas var friðlýstur. Árið 1872 var Yellowstone Park svo komið á laggirnar. Er sú friðaða landsspilda hvorki meira né minna en 9000 ferkílómetrar að stærð, eða um það bil ellefti hluti Íslands.

Náttúruverndarstefnan tók úr þessu að ryðja sér til rúms, hvert landið af öðru lagði inn á þessa braut. Sem árangur þessa má t. d. nefna, að í þéttbýlum löndun svo sem Danmörku er 1,2% landsins friðlýst og í Hollandi eru 60 friðlýst svæði. Jafnvel í fátæku landi eins og Finnlandi eru 16 þjóðgarðar.

Náttúruverndarmálum hefur sem betur fer yfirleitt tekizt að halda utan stjórn málaerja og skapa um þau þjóðarsamhug. Gott dæmi þess er, að árið 1908 kvaddi Theódór Roosevelt stjórn mála-leiðtoga úr báðum flokkum og forystumenn ýmissa almannasamtaka til fundar til þess að fá þá til þess að sameinast í baráttu, sem gera skyldi náttúruvernd að þjóðarmarkmiði Bandaríkjanna.

Íslensk löggjöf um náttúruvernd.

Hverfum nú aftur að náttúruvernd á Íslandi og þeirri löggjöf, sem um hana hefur verið sett. — Fyrsti vísirinn í þessa átt, er eftir því, sem séð verður, veiðilöggjöfin frá því um miðja síðustu öld. Varðaði hún aðallega fuglaveiðar og verndun æðarfuglsins. Þar var þó fyrst og fremst um beint hagsmunamál að ræða, en náttúruverndarsjónarmiðin minna ráðandi. Þá komu verndarlögin frá 1913 og svo þokaði málinu fram smám saman. Það er þó ekki fyrr en árið 1930, að fyrsti þjóðgarðurinn er stofnaður, en það voru Þingvellir. Var sú ákvörðun tekin í tilefni Alþingishátíðarinnar. Eftir það er aðeins farið að greikka sporin. — Árið 1940 er Eldey friðlýst. — Einhver kann að spyrja, hvers vegna þetta eyðisker hafi verið friðlýst. En til þess standa gild rök. Og þau eru, að á Eldey er stærst súlubyggð í heimi. Einhvers staðar hef ég lesið, að þar séu um 15 þúsund súlupör. Hafa vissulega fáar fuglategundir slíka sérstöðu í hinu heldur fáskrúðuga íslenska dýralífi. — Það væri þá helzt heiðagæsin, sem varpstöðvar á í Þjorsárverum og eru þar talin vera um 2000 pör sumarlangt. En heildarstofn heiðagæsarinnar í heiminum mun hinsvegar ekki vera áttaður nema 50 þúsund pör. Á haustin eru þarna undir Hofsjökli oft einar 15–20 hundruð heiðargæsir á randi og er það merkileg sjón að sjá.

Svo voru hreindýrin friðlýst árið 1941, eða settar ákveðnar reglur um veiðitíma þeirra. Þá fengu og hvalirnir sína vernd, sem er að vissu leyti náttúruverndun, til þess að hindra eyðingu stofnsins. Fólst hún í því, að árið 1928 var bannað að veiða skíðishvali í landhelgi. Áfangi nokkur var það líka, þegar lög um náttúruvernd voru samþykkt á alþingi árið 1956. Hafa lög þessi, þótt frumsmíð væru á þessu sviði, valdið nokkrum kaflaskiptum í náttúruverndarsögu þjóðarinnar. Stendur nú til að endurskoða þau á þessu sumri, og er það von manna, að vel takist til um það verk og gott af hljóti.

Vík ég þá að nokkrum friðlýstum stöðum öðrum og náttúrufyrirbærum: Hveravellir voru verndaðir vegna hinna fögru hveramyndana og hverahrúðursins. Árið 1958 voru Rauðhólar settir undir vernd, en því miður um seinan, því að áður höfðu verið drýgð þar óbætanleg náttúruspjöll. En urðarræksnin, sem eftir standa eru þó e.t.v. betri en ekkert og að minnsta kosti hæfileg áminning um menningarskort í meðferð náttúrugersema. — Það virtist sem á svipað lag ætti að ganga með Grábrók í Borgarfirði, en í tauma var

tekið í tæka tíð, og blasa þó sárin enn við. — Surtsey hefur og verið friðlýst og sömuleiðis dropasteinar í hellum landsins, sem illu heilli var farið að mylja niður til muna.

Einn síðasti og þó ekki ómerkasti áfanginn á sviði náttúruverndar og stofnun þjóðgarða eru kaupin á Skaftafelli í Öræfum, sem tókust með rausnarlegri fjárhagsaðstoð alþjóðastofnunar, „World Wild Life Fund“.

Sumum kann að virðast það fyrirferðarlítið mál, en að dómi okkar náttúruverndarmanna þó ekki ómerkt, að Náttúruverndarráð hefur beitt sér fyrir friðun sjaldgæfra íslenzkra jurta, svo sem burknategunda, glitrósar o. fl. — Þá hefur Geysir í Haukadal verið settur undir sérstaka ríkisvernd, Grýla í Hveradölum nýtur og verndar og að lokum hefur Skógrækt ríkisins afgirt og verndað ýmis helztu skóglendin.

Verkefnin.

Margt er þó enn í hættu, bæði kvikt og steinrunnin náttúra. Örninn er í yfirvofandi hættu, sennilega ekki nema 60 fullvaxnir fuglar og ungar lifandi á síðastliðnu sumri, og taldist þó ávöxturinn góður það árið. Örfáar snæuglur í Ódáðahrauni, nokkrir haftirðlar í Grímsey og fálkanum fækkandi. — Útlendingar kvarna niður stjörnusteina í Teigarhorni, merkilegustu zeolítanámu í Evrópu og surtarbrandur kann senn að ganga til þurrðar á Brjáns-læk. — Við veiðivötnin á hálendinu er sumsstaðar rekin ránveiði með þeim furðulega hætti, að fallegur vatnafiskurinn er látinn liggja rotnandi í kösum á vatnsbökkunum.

Allt ber þetta að einum brunni. Það þarf nýja náttúruverndarlöggjöf á Íslandi og það þarf sterkt almenningssálit henni til stuðnings.

Náttúruverndarinnar bíða mörg og vaxandi verkefni, því að á síðustu áratugum hefur vinnudagurinn stytzt, frídögum fjölgað og af eðlilegum ástæðum sækja bæjarbúarnir meira út í náttúruna. Áður var vinnuvikan 60–70 klukkustundir, en nú er hún sumsstaðar aðeins 40–45 stundir og þriðji hver dagur ársins frídagur. Bætt lífskjör og aukinn farkostur gera og almenningi frídagana auðvelda til ferðalaga. — Byggðin á eftir að þéttast og fólkinu að fjölga. Mannvirkjagerðin eykst, fleiri vatnsvirkjanir, vegir og flugvellir, hafnarmannvirki á nýjum stöðum. Öllu þessu fylgir mikil efnistaka og jarðrask. Víst eru þetta flest nauðsynjaframkvæmdir,

sem eiga að bæta líf skjör og auka lífþægindi fólksins, en ekkert af þessu má þó rista ör í ásjónu Íslands. — Þá eru það vatnsbólín. Verndun þeirra og hins tæra íslenska lindavatns er líka mikið hagsmunamál fyrir borgarana. Þessari tegund náttúruverndar er nú gefinn sérlegur gaumur víða um lönd og er bráð nauðsyn, að ekki sé látið arka að auðnu í þeim efnum hér á landi.

Samstilling manns og lands.

Við höfum hlotið þetta fagra land í arf. Við berum ábyrgð á að skila náttúru þess óspilltri í hendur komandi kynslóða. Við verðum að vekja samstillingu milli manns og lands. Að læra að líta á náttúruna, sem eitthvað lifandi, jafnvel eitthvað heilagt.

Mannvinurinn og náttúruunnandinn Friðþjófur Nansen skrifaði einhversstaðar í dagbókum sínum um náttúruna, sem „hvíldarstað fyrir hina brennandi mannssál.“

Og Dagur Hammerskjöld mælti þau orðin:

„Nú eru fjallheimarnir að opnast. Og það þarf að ljúka þeim upp fyrir fjöldanum. En jafnframt verðum við að gæta þess, að þá verði engu spillt.“ — Og hann bætti við:

„Við þurfum að gera fjöllin að friðlandi og griðastað, þar sem við njótum frístunda okkar, án þess að komandi kynslóðir glati tækifæri til þess að upplifa þar einveru, kyrrð og hvíldina, sem auðnin ein veitir.“

Hér þurfa forustumenn í félagsmálum, ríkisvaldið og sveitastjórnir að mörgu að hyggja. Þeim er mikil ábyrgð á höndum. Ég veit, að á öðrum sviðum er þeim ljóst, hversu verðmætir þeir hlutir eru margir hverjir, sem rekur á þeirra fjörur og þeir fara höndum um. Ég hef skoðað flest byggðasöfn landsins. Þau geyma mikinn menningararf. — Þeir munir eru mannaverk. — En við megum heldur ekki spilla því, sem landið gaf okkur, auði íslenzkrar náttúru- fegurðar og sérkennum. Við eru fátæk af fjármagni, en við eru rík af náttúruauð. Okkar er að forvalta þann arfinn með forsjá. Þar eiga allir landsmenn mikið og margbrotið verk fyrir höndum.

Við þurfum helst að eignast að minnsta kosti einn þjóðgarð í hverjum landsfjórðungi og fjölda opinna útivistarsvæða. Við þurfum að koma á aukinni ferðamenningu og bættri umgengni á tjaldstöðum. Náttúruverndarsjónarmiða þarf að gæta í ríkara mæli við skipulagningu landsbyggðarinnar og í vegagerð. Við verðum auk nýrra laga um náttúruvernd að setja lög um byggingu sumarbú-

staða. Semja þarf skrá yfir þau landssvæði og náttúruþyrirbæri, sem ber að friða, að vísu á mismunandi hátt. sum hver vegna náttúru-
fegurðar, önnur sökum fágætis og enn önnur með tilliti til vísinda-
legrar þýðingar þeirra. — Það þarf að vekja áhuga skólaæskunnar
fyrir náttúruvernd og gera efninu skil í náttúrufræðikennslubók-
um. Ungmennafélög, skátafélög og önnur æskulýðssamtök ættu
að taka náttúruvernd á stefnuskrá sína. Almenn náttúruverndar-
félög þyrfti einnig að stofna sem víðast um landið.

Margt fleira mætti upp telja, en hér verður látið við sitja, því
að greinarkorni þessu er ekki ætlað að gera náttúruverndarmálun-
um tæmandi skil, enda ógerlegt í svo stuttu máli. Tilgangurinn
er líka fyrst og fremst að vekja áhuga landsmanna fyrir þeim og
benda á aðsteðjandi hættur.

Náttúruvernd er jákvæð stefna. Henni er ekki beint gegn neinu
nema því, sem stuðla kann að eyðingu náttúruverðmæta landsins.
Náttúruvernd er því ekki andvíg ræktun landsins, ekki heldur skóg-
rækt eða sandgræðslu, ef náttúruverndarlögmál eru ekki brotin
við slíkar aðgerðir. Náttúruvernd hefur þann einan tilgang, að
vernda náttúru landsins, svo að þjóðin megi öll njóta hennar í
sem ríkustum mæli. Og í tækniþjóðfélagi nútímans er þess meiri
þörf en nokkru sinni fyrr.